Lög

40
27. júní

um

einkasölu á tóbaki.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Frá 1. jan. 1922 má enginn nema ríkisstjórnin flytja hingað frá útlöndum neina tegund af tóbaki, hvort sem það er unnið eða óunnið og til hvers sem það er ætlað.

Lög þessi taka eigi til skipa, sem koma í landhelgi og hafa innanborðs tóbak, ef tóbaksbirgðir eru eigi, að áliti lögreglustjóra, meiri en svo, að hæfilegur forði sje handa skipverjum og farþegum. Ef birgðirnar teljast meiri, fer um það, sem umfram er, eftir 11. gr. Þegar sjerstakar ástæður mæla með, getur ráðherra látið sektir falla niður, og er heimilt að greiða verð fyrir tóbakið ef ætla má, að tilætlunin hafi eigi verið að flytja það hjer í land.

2. gr.

Tóbak það, sem ríkisstjórnin flytur inn samkvæmt 1. gr., selur hún kaupfjelögum, öðrum verslunarfjelögum eða kaupmönnum, en eigi öðrum. Um tóbakssöluna setur ríkisstjórnin nánari reglur.

3. gr.

Það fje, sem þarf til verslunarrekstrar þess, er ræðir um í 1. og 2. gr., leggur ríkissjóður fram, og er ríkisstjórninni heimilt að taka það að láni.

4. gr.

Ríkisstjórnin annast rekstur verslunarinnar, skipar forstöðumann og tvo endurskoðendur og setur þeim erindisbrjef.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður í reglugerð, hvernig fara skuli með tóbaksbirgðir þær, sem fyrir hendi kunna að vera þegar lög þessi koma í gildi, hvort gjald skuli greitt af þeim í ríkissjóð eða hvort þær skuli teknar eignarnámi.

40
27. júní

6. gr.

Verslunin skal leggja frá 25 til 75 af hundraði á tóbak, eftir því sem henta þykir fyrir hverja tegund. Álagning þessa skal miða við verð vörunnar, kominnar í hús hjer á landi, án tolls. Tóbak til sauðfjárbaðana selst án hagnaðar.

7. gr.

Verslunin skal greiða hinn lögákveðna tóbakstoll þar, sem tóbakið er fyrst flutt í land, og á þann hátt og á þeim tíma, er tolllög mæla fyrir.

8. gr.

Ágóði sá, sem verður af versluninni, greiðist í ríkissjóð og telst með tekjum hans. Ríkisstjórnin setur nánari reglur um reikningsskil. Í þeim reglum má ákveða, að árlega leggist nokkur hluti ágóðans í veltufjár- og varasjóð.

9. gr.

Verslunin skal jafnan hafa nokkurn forða fyrirliggjandi í Reykjavík af tóbaki. Kostnað af sendingu þess innanlands greiði viðskiftamenn. Pantað tóbak getur verslunin látið senda beint frá útlöndum til þeirra staða hjer á landi, sem óskað er, og miðast álagning þá við verðið á höfn ákvörðunarstaðar.

10. gr.

Ríkisstjórnin ákveður hámarksverð tóbaks í smásölu.

11. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum, 50 til 20000 kr., ef eigi liggur þyngri refsing við eftir öðrum lögum. Auk þess er tóbak, sem inn er flutt í heimildarleysi, upptækt og afhendist versluninni til ráðstöfunar. Andvirðið telst meðal tekna hennar og rennur í ríkissjóð.

12. gr.

Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið í Reykjavík, 27. júní 1921.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Magnús Guðmundsson.